



Borgarráð Reykjavíkur  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

**Efni:** *Umsögn endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar vegna skýrslu Innri endurskoðunar um framkvæmdir við Nauthólsveg 100*

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur tekið saman skýrslu um rannsókn á framkvæmdum við Nauthólsveg 100. Verkefnið var unnið í samræmi við ákvörðun borgarstjórnar og borgarráðs vegna framkominna athugasemda um kostnað við framkvæmdirnar.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hefur þrjú meginviðfangsefni samkvæmt samþykkt nefndarinnar sem staðfest var í borgarstjórn 10. júlí 2014 og byggist á IX. kafla laga nr. 3 um ársreikninga og leiðbeiningum Viðskiptaráðs, Kauphallar og Samtaka atvinnulífsins. Þessi þrjú viðfangsefni eru fólgin í eftirliti með:

1. vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
3. störfum ytri endurskoðenda.

Rétt er að taka fram að viðfangsefni nefndarinnar lúta einkum að málum sem varða gerð og framsetningu fjárhagsupplýsinga til borgarráðs og borgarstjórnar en ekki að þeim þáttum sem varða stjórnarsýslu borgarinnar.

Endurskoðunarnefndin hefur í samræmi við þetta eftirlitshlutverk sitt fengið kynningu á umræddri skýrslu Innri endurskoðunar á fundi með innri endurskoðanda og þeim starfsmönnum sem unnu að rannsókninni. Á fundinum var farið yfir framkvæmd rannsóknarinnar og helstu niðurstöður.

#### *Umsögn nefndarinnar.*

Það er mat endurskoðunarnefndar að rannsókn Innri endurskoðunar sé ítarleg og faglega unnin og að tekið hafi verið á þeim þáttum framkvæmdarinnar við Nauthólsveg 100 sem máli skipta. Rannsóknin hafi því náð til þeirra atriða sem fram koma í samþykktum borgarstjórnar 2. október 2018 og borgarráðs 11. október 2018.

Í 2. kafla rannsóknarskýrslunnar kemur fram að Innri endurskoðun gerði úttekt á SEA og skilaði skýrslu til borgarráðs 4. júní 2015. Í þeirri skýrslu voru settar fram ýmsar ábendingar um innra eftirlit og önnur atriði sem betur mættu fara en því miður fékk endurskoðunarnefnd umrædda skýrslu ekki til umfjöllunar og gat því ekki fylgt eftir þeim ábendingum sem þar komu fram. Nefndin mun óska eftir þessari skýrslu í þeim tilgangi að fylgja eftir þeim ábendingum og athugasemdum sem þar koma fram.



Í heildarniðurstöðum þeirrar skýrslu sem hér er til umfjöllunar koma fram mjög alvarlegar athugasemdir sem lúta að stjórnarsýslu svo og formlegu og virku innra eftirliti á þessu sviði. Rétt er að vekja athygli á því að brotalamir í stjórnarsýslu hafa veruleg og afgerandi áhrif á það hvort innra eftirlit sem kann að vera til staðar virkar eins og því er ætlað.

Þar sem hér er um rannsókn að ræða kallar Innri endurskoðun, eðli máls samkvæmt, ekki eftir viðbrögðum stjórnenda og í skýrslunni eru engar tillögur um hver gætu verið næstu skref nú þegar þessar niðurstöður liggja fyrir.

Endurskoðunarnefnd vekur sérstaklega athygli á umfjöllun í kaflanum „Fylgni við lög og innri reglur – Niðurstaða“ á bls. 77 í skýrslunni og umfjöllun um ákvæði í 9. grein Reglna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hjá Reykjavíkurborg á bls. 58.

Endurskoðunarnefnd telur mikilvægt að borgarráð óski formlega eftir viðbrögðum viðkomandi stjórnenda við niðurstöðum rannsóknarinnar.

Enn fremur telur nefndin mikilvægt að borgarráð skoði með hvaða hætti þurfi að breyta og/eða formfesta stjórnskipulag, verkferla og vinnubrögð til þess að draga úr líkum á að atburður sem þessi endurtaki sig.

Virðingarfyllst,

f.h. endurskoðunarnefndar

Láraus Finnbogason, formaður